

**Ed. 198. Frumvarp til laga [175. mál]**

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1986 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1986.
3. Af fyrstu 403 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins sem umfram er 403 000 kr., greiðast 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1986 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir komandi ár er gert ráð fyrir því að á því ári verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Er frumvarp þetta því lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 127/1984. Álagt sjúkratryggingagjald á yfirstandandi ári nemur 170 m.kr. og er áætlað að af því innheimtist um 150 m.kr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1986 nemi um 225 millj. kr. og af því innheimtist um 200 m. kr. Þessi upphæð er þó ekki endanleg heldur byggist á spá Þjóðhagsstofnunar um breytingar launa milli árána 1984 og 1985, þ. e. a. s. 36% hækkun, en gengið er út frá því, að skattbyrði vegna sjúkratrygginga skv. þessu frumvarpi verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári, milli árána 1985 og 1986 eða á sama hátt og áður hefur tíðkast.